

## **16. stjórnarfundur Samtaka orkusveitarfélaga**

**28. mars 2014, kl.12:00**

Föstudaginn 28. mars 2014 kl.12:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í húsnæði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Eyjólfur Sæmundsson og Dagbjört Jónsdóttir. Í símasambandi voru Eydís Indriðadóttir og Jens Pétur Jensen. Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### **1. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2013**

Lagður var fram ársreikningur samtakanna fyrir árið 2013 yfirfarinn af skoðunarmönnum. Ársreikningurinn er í samræmi við áætlun samtakanna fyrir árið 2013. Samþykkt að senda ársreikninginn til aðildarsveitarfélaganna til umsagnar.

### **2. Erindi til aðildarsveitarfélaga**

Samþykkt að senda bréf til aðildarsveitarfélaga um starf samtakanna ásamt skýrslu Deloitte um hvernig skattareglur Noregs varðandi orkuver myndu koma út á Íslandi.

### **3. Undanþágur frá fasteignaskatti**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur orðið við beiðni SO um að beita sér fyrir því að innanríkisráðuneytið skoði hvort hægt sé að fella úr lögum um fasteignaskatta ákvæði um undanþágur frá fasteignasköttum. Ráðuneytið hefur falið þjóðskrá að meta hvaða áhrif það myndi hafa á jarðvarmavirkjun, vatnsvirkjun og vindorkuvirkjun.

### **4. Aðalfundur SO**

Samþykkt að halda næsta aðalfund SO 10. október kl.13:30 á sama stað og fjármálaráðstefna sambandsins fer fram.

### **5. Næstu fundir**

Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði 28. apríl kl.14:00 og síðan 29. ágúst. Stefnt er að því að síðari fundurinn verði vinnufundur og eitt aðildarsveitarfélag heimsótt.

### **6. Önnur mál**

Stefán Bogi sagði frá fundi SO með fjármálaráðherra. Samþykkt var að taka saman minnisblað um fundinn en þeir sem mættu á fundinn með ráðherra voru sammála því að aðilar vonuðust eftir jákvæðari viðbrögðum varðandi breytta skattlagningu í orkumálum.

Einnig var farið yfir markmið samtakanna og hvernig gengið hefði fyrstu árin og rætt um hver næstu skref ættu að vera.

Fundi slitið 13:30